

Spurningar úr Bridge lögunum Verkefni 3

Þetta verkefni er ætlað öllum bridgespilurum sem hafa áhuga á. Síðar verður haldið keppnisstjóranámskeið. Afar gagnlegt er að hafa lokið þessu verkefni áður en það hefst.

Svör við þessum spurningum skulu send í tölvupósti til Vigfúsar Pássonar. Tölvupóstfangi vip@centrum.is Rétt svör verða síðan send til baka.

Svarið öllum spurningum. Öll hjálpargögn eru heimil, nema ekki spyrjast fyrir hjá öðrum.

Spurningar 9 og 12 eru ekki til í þessu verkefni.

Tilgreinið lagagreinar þær sem þið hafið byggt ykkar megin niðurstöðu á

Þar sem margir möguleikar eru gefnir, eru mörg svörin ekki tæmandi. Veljið svarið sem best á við. Styrkleiki spilara er hár, Sveitakeppni er spiluð, nema annað sé tekið fram. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki 2 klukkustundir

1 Tvimeningur. Fimmta umferð af ellefu

Austur fór á snyrtinguna. Hinir spilararnir taka spil sín upp, og Vestur missir ♠Q á borðið. Andstæðingarnir sjá spilið greinilega..

- ♠Q skal vera á borðinu og gæti orðið refsispil
- Keppnisstjóri gefur 50-50 skor fyrir spilið
- ♠Q skal sett upp á hendina án nokkurra viðurlaga.

2 Tvimeningur

Vestur Norður Austur Suður

1 ♣ Pass Pass Pass

1 NT Pass Pass Pass

Vestur fær 8 slagi, en spilararnir uppgötva sagnmistökin að spili loknu. Hvað skal gera ?

- Bæði pör eru jafn sek fyrir mistökunum og kölluðu ekki á keppnisstjóra tímanlega. Keppnisstjóri lætur skor standa.
- Skor er ekki unnt að skrá í spilinu og bæði pörin eru ábyrg, svo hann gefur 50-50.
- Keppnisstjóri úthlutar skor miðað við að spilað hefði verið 1♣ og fjölda slaga í þeim samningi.

3 Sveitakeppni

Vestur er gjafari, en Suður opnar á 1♥. Vestur lýsir því yfir að hann eigi að opna og segir 1♦. Norður kallar á keppnisstjóra, sem úrskurðar.

- Keppnisstjóri dregur 1♥ sögn Suðurs til baka og heimilar Vestri að opna á 1♦.
- Vestur hefði átt að kalla á keppnisstjóra. Hafandi ekki gert það, hefur hann aukid ruglið við borðið og nú er 1♦ sögnin orðin að ófullnægjandi sögn sem þarf að meðhöndlast sem slík.
- Þar sem Suður opnaði utan réttar raðar þá getur Vestur tekið til baka sögn sína án viðurlaga. En Vestur hefur samþykkt 1♥ sögnina og skal gefa einhverja löglega sögn.

4

Á hættu:enginn	Norður	Samningur	
	♠ KJ84	3NT Suður	
Gjafari:Norður	♥ KJ85	400 N/S	
	♦ 73		
Vestur	♣ Q85	Austur	
♠ Q73		♠ 1062	
♥ 1064		♥ Q93	
♦ Q1096		♦ AK542	
♣ J107		♣ 32	
	Suður		
	♠ A95		
	♥ A72		
	♦ J8		
	♣ KQ964		
Vestur	Norður	Austur	Suður
	1 ♦	Pass	3 NT
Allir Pass			

Vestur spilar út ♣J og Suður fær 9 slagi.

Vestur kallar á keppnisstjóra. N/S spila sterkt lauf og kerfiskortið sýnir að 1♦ lofar fjórlit (1NT er 13-15). Vestur segir að undir venjulegum kringumstæðum hefði hann spilað út tígil. Norður gefur þá skýringu að hann hafi ekki viljað passa né hefði hann ekki getað opnað á 1NT. Suður fullyrðir að 1♦ lofi fjórlit. “Auðvitað hefði ég ekki sagt 3NT ef svo væri ekki” Hver er úrskurður keppnisstjóra?

5

Suður er sagnhafi í 3NT. Blindur á ♣AQJ106 og Suður á ♣74. Suður spilar ♣4 á tíuna (Andstæðingarnir spila ♣3 og ♣6). Hann fer heim og spilar ♣7,VHA ♣5.Hann segir núna “Lítið” og andstæðingarnir vilja að hann spili ♣6. Heimilar keppnisstjóri sagnhafa að spila ♣J eða ♣Q?

Á hættu:N/S **Norður** **Samningur**

♠ --

Gjafari:Austur ♥ KJ1072

♦ K9752

Vestur ♣ QJ2

Austur

♠ K108

♠ QJ54

♥ 863

♥ Q954

♦ J103

♦ A862

♣ 10953

♣ K

Suður

♠ A97632

♥ A

♦ Q

♣ A8764

Vestur Norður Austur Suður

1♥ 2♥

3♥ 4♦ 4♥ Pass

Pass Dobl Allir Pass

Norður útskýrir 2♥ sem 5+/5+ ♠/♦. Rétt útskýring er ♠/♣.

A/V fá 5 slagi. Þeir kalla á keppnisstjóra og segjast vera skaðaðir út frá rangri útskýringu og vilja bætur.

Hver er úrskurður keppnisstjóra ?

7

Á hættu: Allir **Norður** Samningur

♠ KJ1042

Gjafari: Vestur ♥ 642

♦ AQJ10

Vestur ♣ 2

Austur

♠ A93

♠ 76

♥ KJ7

♥ AQ95

♦ K3

♦ 764

♣ KJ763

♣ A854

Suður

♠ Q85

♥ 1083

♦ 9852

♣ Q109

Vestur Norður Austur Suður

1NT 2♠ 3♠ Pass

3NT Allir pass

3♠ eru útskýrðir sem 4♥ og ekki ♠ fyrirstaða.

Norður spilar út ♠J, Vestur vinnur þriðja spáða slaginn, Tekur 4 hjartaslagi, tekur ÁK í laufi og fer 1 niður. Eftir að spilamennsku lýkur þá segir, Norður til Suðurs að hann hefði átt að gefa aðvörun á 2♠. Sögnin sýnir spáða og láglit. Vestur kallar á keppnisstjóra og segir að hefði hann haft þessa vitneskju þá hefði hann fengið 10 slagi í 3NT.

Hver er úrskurður keppnisstjóra?

8a

Vestur Norður Austur Suður

Pass Pass Pass Pass

Eftir að Suður sagði pass, fann hann þrettánda spilið sitt á gólfinu. Hann kallar á keppnisstjóra og óskar eftir að fá að breyta um sögn. Getur keppnisstjóri heimilað honum það?

8b

Vestur Norður Austur Suður

1♦ Pass Pass Pass

Eftir að Suður sagði pass, kallar Austur á keppnisstjóra. Hann sá ekki opnun Vesturs og vill fá að breyta um sögn. Getur keppnisstjóri heimilað honum það?

10

Á hættu: **Norður** Samningur

♠ -

Gjafari: ♥ 9

♦ -

Vestur ♣ J **Austur**

♠ Q

♠ J

♥ -

♥ 10

♦ -

♦ -

♣ 6

♣ -

Suður

♠ 8

♥ -

♦ -

♣ 7

Vestur er sagnhafi í 3NT og hefur fengið 8 slagi. Hann hefur ekki hugmynd um staðsetningu ♥9.

Suður spilar út ♣7 sem Norður vinnur. Blindur spilar ♥10 í slaginn án þess að sagnhafi hafi sagt honum það. Samstundis spilar Norður ♥9. Vestur verður öskuillur vegna þess að ♥10 er ekki lengur í borði. Hann kallar á keppnisstjóra og vill fá síðasta slaginn. Fær hann slaginn?

11

Á hættu: **Norður** Samningur

♠ K

Gjafari: ♥ 42

♦ 10985

Vestur ♣ Q108754 **Austur**

♠ 9753

♠ J2

♥ Q96

♥ AKJ10753

♦ 764

♦ 32

♣ AJ6

♣ K9

Suður

♠ AQ10864

♥ 8

♦ AKQJ

♣ 32

Suður spilar 4♠. Útspil er hjarta, trompað hjarta, spaði á kónginn og tígull á ásinn. Og spilaði að lokum ♠Á og ♠Q. Suður leggur upp án útskýringa. ♠9 hjá Vestri er ennþá hluti spilsins. Vestur kallar á keppnisstjóra og vill fá einn slag enn. Úrskurður keppnisstjóra er?

13

Á hættu: **Norður** Samningur

♠ 87

Gjafari: ♥ -

♦ -

Vestur ♣ - **Austur**

♠ 62 ♠ K10

♥ - ♥ -

♦ - ♦ -

♣ - ♣ -

Suður

♠ 4

♥ 9

♦ -

♣ -

Suður spilar 4♥ og hefur fengið 10 slagi. Blindur hefur skoðað hendur andstæðinganna að eigin frumkvæði. Suður spilar ♠8 frá blindum, Austur drepur á Kóng og Suður trompar með ♥9. Blindur spyr sagnhafa hvort hann geti ekki fylgt lit. Vestur kallar á keppnisstjóra.

Hversu marga slagi úrskurðar keppnisstjóri fyrir N/S?

14

Tvímenniingur, samanburður við alla. 5 riðlar með 15 borðum í hverjum. (Spil 1-30) og 3 riðlar með 16 borðum. (Spil 1–32). Spilarar forgefa spilin í fyrstu umferð, og síðan eru spilaðar 13 umferðir. Hver er toppurinn í spili 17? (100% er ekki gilt svar ☹)

15

South er með ♠A864♥AK974♦-- ♣AJ87 en hefur raðað spilum sínum sem... ♠A864♥AK9♦74♣AJ87 og opnar á 1NT, og verður síðar sagnhafi í 3NT og fær 9 slagi. Andstæðingarnir gera vond mistök í vörninni vegna þessa og kvarta við keppnisstjóra. Þeim finnst þeir verulega skaðaðir. Úrskurður keppnisstjóra er ?

16

Vestur	Norður	Austur	Suður
1♣	Pass	1♦	Pass
2♣			

Nú segir Vestur. Æææ Ég hefði átt að gefa aðvörðun á 1♦. Hvernig ætti keppnisstjóri að leiðbeina þeim um framhald sagna?

17

Vestur	Norður	Austur	Suður
	1NT		2♠

Suður segir 2♠ utan rétrar raðar. Yfirfærsla í ♣. Eftir að keppnisstjóri hefur leiðbeint spilurum um framhald sagna, þær ganga...

1NT	2♥
-----	----

Og hvað býður keppnisstjóri spilurum núna ?

18

Vestur gefur. Enginn á hættu

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass		Pass	

Austur passar utan rétrar raðar. Suður samþykkir ekki passið hjá Austri. Hverjar eru leiðbeiningar keppnisstjóra til Austurs?
